

2. skólaráðsfundur, 8. nóv. 2021

Fundur haldinn í kaffistofu Gamla skóla og hófst kl. 16.15

Mættir: Guðrún Ásta Tryggvadóttir fulltrúi kennara grunnskólans, Þórarinn Ingi Jónsson fulltrúi annars starfsfólks grunnskóladeildar, Hanna Christel fulltrúi foreldra grunnskólans, Urður Arna Ómarsdóttir fulltrúi starfsfólks leikskólans, Heimir Loftur Gunnþórsson og Jóhann Elí Dánjalsson fulltrúar nemenda og Þórunn Hrund Óladóttir skólastjóri.

1. Framkvæmdir. Tröppurnar við gamla skóla eru nú tilbúnar að mestu leyti, eftir er að setja handrið sem kemur vonandi sem fyrst, einnig eru hitalagnir í þeim sem ekki er búið að virkja. Það verður væntanlega gert næsta sumar. Vinna við útidyrhurðina er í fullum gangi og stefnt að því að hún verði komin á sinn stað í nóvember.
Í framhaldinu var rætt annað viðhald á Gamla skóla en af nógu er að taka. Lýst yfir áhyggjum af öryggi brunastigans á Gamla skóla. Þórarinn sem öryggisfulltrúi Seyðisfjarðarskóla mun setja sig í samband við brunavarnir til að fá þá til að skoða þessi mál.
2. Skólaþing – frumniðurstöður. Skólastjóri leggur fram frumniðurstöður af skólaþinginu sem var haldið þann 13. október. Umræðuefnið var skólabragur. Skólaþingið gekk mjög vel og góðar umræður sköpuðust. Nemendur voru virkir í umræðunni og höfðu margt til málanna að leggja. Heilt yfir má segja að virðing hafi verið það atriði sem oftast kom fram, flestir voru sammála um að góður skólabragur einkennist af almennri virðingu á milli allra aðila. Nemendur vilja að rödd þeirra heyrist. Eftir er að vinna betur úr niðurstöðunum en strax eru komnar fram hugmyndir um ákveðna hluti sem unnið verður með.
3. Hrekkjavökuböll foreldrafélagsins var haldið 6. nóvember. Gekk mjög vel og mikil ánægja hjá nemendum. Foreldrafélögin ásamt nemendaráði og félagsmálakennara skólans héldu utan um skreytingar og veitingar. Fulltrúar foreldra stóðu vaktina á böllunum. Böllunum var þrískipt, leikskólinn 14.30 – 15.30, 1. -4. bekkur voru 17 – 18 og 5. -10. bekkur 20 – 22.
4. Sumarleyfisreglur leikskólans. Fyrirhugað er að lengja sumarlokun leikskóla í Múlaþingi næsta sumar, þannig að leikskólinn verði lokaður í 5 vikur í stað fjögurra. Umræður um málið, bent á mikilvægi þess að þjónustustig í sveitarfélaginu verði samræmt, þannig að þá verði t.d. sumarfrístund í öllum byggðakjörnum. Ekki var um slíkt að ræða á Seyðisfirði

í sumar. Oft hafa menntaskólanemendur sótt um sumarvinnu á leikskólanum og hafa þá þurft að finna aðra vinnu þegar leikskólinn lokar, mögulega væru þeir til í að sinna slíku meðan á lokun leikskólans stendur. Ákveðið að taka þessa umræðu upp aftur eftir áramót þegar hlutirnir verða orðnir skýrari.

5. Starfið framundan:

- Haldið verður upp á Olweusardaginn 25. nóvember.
- Þessa dagana er námsmat í gangi í grunnskólanum; nemendur fá vitnisburð 18. nóvember og í framhaldinu eru foreldra og nemendaviðtöl.
- Allir nemendur unglिंगadeildar munu fara til Reykjavíkur á Legó keppnina sem verður haldin 13. nóvember, farið verður í sameiginlegri rútu með keppendum frá Brúarásskóla og Egilsstaðaskóla.
- 1. Desember verður fínufatadagur þar sem nemendur og starfsfólk mæta í sínu fínasta þússi.
- 2. Desember er skreytidagur í grunnskólanum þar sem nemendur og starfsfólk koma saman eftir skólatíma og setja skólann í jólabúning

6. Ýmis önnur mál. Matseðillinn. Spurt hvort ekki sé kominn tími á að yfirfara matseðilinn í mötuneytinu, nokkur gagnrýni er frá starfsmönnum leikskólans um að matseðilinn sé ekki nógu barnvænn, þ.e. sérstaklega fyrir yngstu börnin. Einnig hvort ekki megi hafa meiri fjölbreytni í morgunverðinum, núna er eingöngu hafragrautur á boðstólunum. Umræður um málið. Skólastjóri mun sjá til þess að búið verði að fara yfir þessi mál fyrir næsta skólarár.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17. 18.

Fundargerð ritaði: Þórunn Hrund Óladóttir